


GLERÁ VIÐ HVAMMSFJÖRÐ
FISKIRANNSÓKNIR 1988

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, desember 1988 VMST-V/88020X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

GLERA VID HVAMMSFJORD

FISKIRANNSÖKNIR 1988

1. INNGANGUR

Árið 1987 hófust rannsóknir á Glerá að beiðni landeigenda. Markmið þeirra var einkum að kanna ástand laxastofns árinna og leita leiða til að efla laxængd í ána. Niðurstöður urðu þær helstar að lax hrygnir árvisst í ánni bótta stofninn sé lítil og var það tengt því hve áin er stutt fiskæng og stærð framleiðsluvæða því lítil. Ráðlaqt var að gera áttak til ræktunar í ánni og þá sérstaklega mælt með byggingu laxastiga í Glerárfossi. Einnig var mælt með sleppingum sumaralinna laxaseiða á ófiskgeng svæði og gerð veiðistaða á neðsta hluta árinna. Þessum tillögum var fylgt og seiðum af stofni Glerár sleppt frá seiðaeldisstöðinni að Magnúsarskógum. Á árinu 1988 var rannsóknum haldið áfram. Í byrjun ágúst var seiðaástand kannað og árandur af sleppingum ofan foss og gerð athugun á Breiðarvatni. Í byrjun september var gerð úttekt á Glerárfossi með byggingu laxastiga í huga ásamt verkfræðingnum Scott Wenger. Einnig var seiðaástand fyrir ofan foss lauslega kannað. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsókna. Ytarlega var gert grein fyrir staðháttum og aðferðum í fyrri skýrslu (Sigurður Már Einarsson 1988).

2. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR

2.1 SEIDARANNSÖKNIR

Á fiskgenga hlutanum var aðeins veitt á einum stað um 250 m fyrir neðan foss á stað sem veitt var á 1987 (Tafla 1). Seiðabéttleikinn var mjög mikill og svipaður og árið áður. Allir árgangar veiddust frá 0+ (árgangur 1988) til 4+ (árgangur 1984). Töluvert varð vart við seiði klakin um vorið og enn fremur var mikið magn af eins árs seiðum (árgangur 1987). Hins vegar fannst lítið af tveggja og þriggja ára seiðum frá 1986 og 1985 og er það í samræmi við fyrri athugun. Hins vegar var mjög mikið af fjögurra ára seiðum frá 1984, en þau voru jafnframt í mestu magni árið 1987. Þau hafa að hluta til gengið niður vorið 1988 en fara

einnig í miklu magni niður vorið 1989. Greinilegt er að laxa þessi árgangur verður uppistaðan í laxgengd næstu árin hvað náttúrulega framleiðslu varðar.

A ófiskgenga hluta árinna var veitt á sleppistöðum fyrir ofan foss, nokkuð fyrir ofan Hvammsselsgil og í Hvammsselsgilinu sjálfu skammt fyrir ofan ármót, en einnig rétt fyrir neðan útfallið úr Breiðarvatni. Einnig var veitt aftur fyrir ofan foss í byrjun september. Árið 1987 var sleppt sumaröldum laxaseiðum í Glerá sjálfa og 1988 hafði verið sleppt í ána þann 10 júlí og einnig í neðri hluta Hvammsselsgils. Seiðin voru 3-4 sm við sleppingu og af stofni Glerár. Niðurstöður sýndu að seiðin dafna vel í ánni. Þéttleiki seiðanna var á bilinu 10 -20 seiði í einni yfirferð á hverja 100 m² sem er hæfilegur ásetningur. Sleppingin frá 1987 hefur heppnast vel. Í ágúst voru seiðin á bilinu 6.4 -7.0 sm að lengd og mánuði síðar höfðu seiðin fyrir ofan foss bætt við sig tæpum sm í vexti. Þessi vöxtur virðist benda til að seiðin þurfi um 3 ár til að ná göngubroska, sem er 1-2 árum fyrr en á fiskgenga hlutanum. Sleppingin frá 1988 virðist einnig koma vel út. Þau seiði voru um 4.5 sm í ágúst og höfðu bætt við sig 0.5 sm í september (Tafla 2, Mynd 1).

Kosturinn við sleppingar smáseiða fyrir ofan foss felast í því að seiðin eru stærri heldur en jafnaldra náttúrulega seiði og sést að á sama tíma eru þau um 2 sm stærri heldur en vorömlu seiðin fyrir neðan. Þá er ásetningi stjórnað sem þýðir að afföll verða í lágmarki og einnig ættu seiðin að geta vaxið betur. Því er líklegt að sama flatarmál fyrir ofan foss gæti skilað hlutfallslega fleiri gönguseiðum af sér heldur en svæði fyrir neðan foss. Það væri þó æskilegt að geta haft seiðin að hluta til nokkuð stærri en nú er þegar þeim er sleppt t.d. 5-6 sm, einkum þeim sem sleppt yrði ofarlega í vatnakerfinu en þar virðist vöxtur vera eitthvað hægarí.

2.2. BREIÐARVATN

Breiðarvatn liggur í um 171 m hæð yfir sjó (Mynd 1) og úr því rennur Hvammsselsgilið sem er 2.4 km að lengd. Vatnið

mælist 780 m að mestu lengd og mesta breidd 350 m. Flatarmál þess er 0.24 km² eða 24 hektarar. Trennsli er í vatnið að austanverðu og einnið sytrar í vatnið á nokkrum stöðum. Strandlengjan er yfirleitt smágrýtt til grýtt bæði að norðanverðu og sunnanverðu en er þó áberandi grýttari beim megin og nær þetta svæði yfirleitt 10 - 20 m út í vatnið. Eftir það dýpkar vatnið og botninn breytist í setbotn.

Engar sögur fara af veiðum í vatninu og það talið fisklaust. Í vatnið var sleppt laxaseiðum fyrir nokkrum árum. Lögð voru silunganet í vatnið meðan verið var við vatnið. Fljótlega veiddust 2 fiskar og reyndust þetta vera laxar, briggja ára gamlir úr sleppingu 1985. Annar var ókynþroska hrygna, 35 sm og 504 gr og hinn var hængur sem sýndi merki um kynþroska og var hann 32 sm og 418 gr. Laxarnir höfðu vaxið gríðarlega í vatninu og má benda á að laxaseiði á fiskgenga hlutanum í Glerá af sama aldri eru 7-8 sm að lengd. Skilyrðin fyrir lax eru oft mjög góð í vötnum og nýta þeir sér einkum í byrjun strandsvæðin og þá sérstaklega grýttu svæðin. Vötn verða mun hlýrri en árnar og meira fæðumagn til staðar. Gallinn við sleppingar á laxaseiðum er sá seiðin eiga það til að verða innlyksa í vötnunum, þ.e ganga ekki til sjávar eins og þeir eiga að gera er þeir hafa náð til þess tilskilinni stærð. Þetta er einkum ef útrennsli úr vötnum er lítið.

Mjög áhugavert er að nota Breiðarvatn til sleppinga á laxaseiðum og var því ráðlaegt að gera tilraun með sleppingu 2-3000 merktra seiða í vatnið og kanna endurheimtur í veiði. Þetta var framkvæmt síðastliðið sumar og annar kviðugginn klipptur í þessu skyni. Einnig væri hægt að vera með seiðagildru í læknum en slíkt er of mikil vinna. Breiðarvatn hentar einnið vel fyrir urriða. Nokkur hrygningarskilyrði eru fyrir hendi sem ættu að nægja til viðhalds urriðastofni. Ef gert væri akfært að vatninu gæti bannað skapast góð aðstaða fyrir stangveiði. Ef sleppingar laxaseiða í vatnið ganga vel er þó vert að íhuga hvort ekki ætti að halda vatninu eingöngu fyrir framleiðslu á laxi, því afrán urriða á laxi yrði ætíð nokkuð. Þó er vel hugsanlegt að þessar tegundir gætu verið í sambýli án teljandi erfiðleika.

Hvammsselsqilið gæti verið nokkur farartálmi fyrir laxinn. Vatnsmagn þess er lítið og einniq er það allbratt og mikið um brattar flúðir. Afföll á seiðum af þessum sökum ætti bó ekki að vera mikið.

2.3. FISKVEGUR

Möguleikar á gerð laxastiga í Glerárfossi voru athugaðir með verkfræðingnum Scott Wenger. Var það samdóma álit að hægt væri að byggja ódýran fiskveg austanmeqin í fossinum í raufinni sem er þar til staðar. Laxinn reynir nú þegar að komast upp fossinn á þessum stað. Mælt var fyrir stiganum og mun Scott Wenger senda teikningar og kostnaðaráætlun af mannvirkinu innan tíðar. Einnig voru möguleikar til gerð veiðistaða fyrir neðan foss athugaðir og verða tillögur þar að lútandi lagðar fram síðar.

TILLOGUR

1. Bygging fiskvegar er forgangsverkefni hvað fiskrækt varðar. Næsta vor ætti að vera hægt að hefjast handa við byggingu fiskvegarins og gæti hann þá strax komið að notum næsta sumar því reynslan sýnir að nú þegar er laxinn að reyna að stökkva fossinn.

2. Sleppingum smáseiða ber að halda áfram. Magn sleppiseiða gæti verið eitthvað þessu líkt.

Breiðarvatn: 3000 stór sumaralín (merkja).

Hvammsselsqil: 1500 seiði (frá Breiðarvatni að ármótum).

Glerá : 10000 seiði.

Í Glerá er æskilegt að fara mun ofar en gert hefur verið til að nýta svæði þar sem nú eru engin seiði. Einnig væri æskilegt að sleppa ekki eins þétt á neðstu svæðin og hin fyrri 2 ár því seiðin eru það lengi í ánni að ásetningur eykst með hverjum árgangi.

3. Athuga með gerð veiðistaða að fengnum tillögum þar að lútandi.

TAFLA 1

ÞETTLEIKI LAXASEIDA OG URRIDASEIDA Í GLERA
(FJÖLDI Í EINNI YFIRFERÐ/100 M²) 3/8 1988.

STADUR	LAX						URR.
	0+	1+	2+	3+	4+	ALLS	ALLS
F.n. foss	2.4	12.5	1.8	3.0	11.3	31.0	-
F.o. foss	5.1	8.6	-	-	-	13.7	-
F.o. Hv.gil	2.8	6.3	-	-	-	9.1	2.8
Hv.gil.							
f.o. ármót	19.0	-	-	-	-	19.0	3.6
Hv.gil.							
f.n. vatn	-	-	2.0	-	-	2.0	-

TAFLA 2

VOXTUR LAXASEIDA Í GLERA Í AGUST OG SEPTEMBER 1988

STADUR	M1		N		M1		N		M1		N	
	M1	N	M1	N	M1	N	M1	N	M1	N	M1	N
3/8 Glerá												
F.N. Foss	2.9	4	5.0	22	6.8	3	8.2	5	9.6	19		
3/8 Glerá												
F.O. Foss	4.5	10	7.0	17	-	-	-	-	-	-	-	-
2/9 Glerá												
F.O. Foss	4.9	6	7.8	18	-	-	-	-	-	-	-	-
3/8 Glerá												
F.O.Hv.gil	4.5	4	6.4	9	-	-	-	-	-	-	-	-
3/8 Hv.gil												
F.O. Armót	4.2	15	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
3/8 Hv.gil												
F.N. Vatn	-	-	-	-	12.0	1	-	-	-	-	-	-

MYND 2:

BREIÐARVATN OG UMHVERFI ÞESS.

